AUGLÝSINGASÍMAR: 680001 & 686300

RÍKISSKIP
NÚTÍMA FLUTNINGAR
Hafnarhúsinu v Tryggvagötu,
☎ 28822

NOTAÐ & nýtt
Ókeypis auglýsingar fyrir einstaklinga
PÓSTFAX
91-68-76-91

Gabriel
HÖGG-
DEYFAR
Verslið hjá fagmönnum
GS varahlutir
Hamarshöfða 1 – s. 67-67-44

LOTTÓ

Tíminn
LAUGARDAGUR 27. APRÍL 1991

Listamaðurinn og friðarsinninn Yoko Ono opnar sýningu á verkum sínum í dag á Kjarvalsstöðum og ber hún yfirskriftina Peace! Friður!:

FRIÐARBARÁTTAN ER EKKI VONLAUS

Í dag verða opnaðar á Kjarvalsstöðum tvær sýningar. Í vestursalnum er stór yfirlitssýning á verkum fjöllistakonunnar Yoko Ono sem ber yfirskriftina Peace! Friður! Þar er að finna 111 listaverk eftir Yoko Ono frá árunum 1960 til 1990. Í austursalnum er yfirlitssýning á verkum listamanna sem tilheyrðu Fluxus hreyfingunni, en þar er m.a. að finna verk eftir Joseph Beuys, George Brecht, Christo, Robert Filliou, Geoffrey Hendricks, George Maciunas, Alison Knowles og Nam June Paik, sem heimsótti Íslendinga um miðjan sjöunda áratuginn og hélt tónleika á vegum Musica nova sem vöktu mikið umtal, svo ekki sé meira sagt.



„Oh, Yoko" söng Lennon um konu sína. Hér sést hún við eitt verka sinna á Kjarvalsstöðum.

Tímamynd: Árni Bjarna

Yoko Ono verður í dag viðstödd opnun sýninganna, en hún kom til landsins sl. fimmtudag. Á blaðamannafundi sem haldinn var í gær sagðist Yoko ætla að dvelja hér í viku og ætlunin væri að ferðast eitthvað út fyrir borgarmörkin. Hún hefði áhuga á að skoða Bláa lónið en annað væri ekki ákveðið.

Eins og flestir vita þá er Yoko mikil baráttumaður fyrir friði í heiminum. Aðspurð hvort það væri ekki vonlaus barátta sagðist hún alls ekki telja að svo væri. Hugarfarið frá því fyrr á öldum væri stöðugt að breytast í rétta átt, það gerðist að vísu hægar en hún óskaði en hún væri sannfærð um að það myndi takast einn daginn.

Yoko sagðist hafa heyrt mikið um Ísland. Hún sagðist fá mörg bréf frá fólki víðs vegar að úr heiminum, m.a. Íslandi. Íslensku bréfin væri gáfuleg, vel skrifuð og fjölluðu flest um frið í heiminum. Hún hafi því oft velt því fyrir sér hvers konar land þetta væri og nú fengi hún tækifæri til að komast að því.

Í kringum 1970 fór Yoko, ásamt manni sínum John Lennon, nokkuð ótroðnar slóðir við að vekja athygli á sjálfri sér, list sinni og baráttunni fyrir friði í heiminum. Við frumsýningu á kvikmyndinni Rape eftir Yoko í Vínarborg, mættu þau í stórum hvítum poka og brúðkaupsferðinni eyddu þau í rúminu á Hilton hótelinu í Amsterdam í þágu friðar. Yoko hló þegar hún var spurð hvort hún væri orðin of gömul fyrir slíkt, og bætti svo við að ef hún væri orðin of gömul væri hún líklega ekki hér. Hún sagði að á þessum árum hefði hún verið mun óþolinmóðari en hún væri nú. Hún hefði trúað því að hvað sem hún gerði myndi hafa áhrif á heiminn, ekki af því hún væri fræg, sem hún kvaðst ekki hafa verið þá, heldur af því að hún hafi haldið að hvert atriði í heiminum, jafnvel mynd af litlum strák og lítilli stelpu, myndi hafa áhrif til friðar. Þegar hún hafi kynnst John hafi þau samið lagið Now or Never, sem fjallað um Víetnam stríðið, og hún hafi trúað því að útkoma þess myndi örugglega breyta heiminum og stöðva stríðið.

Nú væri hún ekki svona barnaleg, og ekki svona óþolinmóð, hún hefði hins vegar ekki snúið baki við markmiðunum en þetta væri hæg þróun og mun hægari en hún hefði haldið en markmiðið myndi nást einn góðan veðurdag.

Sýning Yoko er að sögn Gunnars Kvaran, forstöðumanns Kjarvalsstaða, mjög fullkomið yfirlit yfir verk hennar frá upphafi fram á þessa daga. Yoko tilheyrir Fluxus hreyfingunni sem er vafalítið eitt frumlegasta og djarfasta listform sem fram hefur komið. Þau hafna alfarið öllum hefðbundnum fagurfræðilegum lögmálum, auk þess sem Fluxus vill afmá öll landamæri milli hversdagslegra hluta og hegðunar og þess sem nefnt hefur verið list með stóru L-i. Yoko var einn af frumkvöðlum Fluxus í New York í byrjun 7. áratugarins. Þekktust eru vafalítið leiðbeiningarverk hennar, þar sem hún gefur upp ákveðnar forskriftir, oftast ljóðrænar og einfaldar, sem áhorfandinn á að framkvæma, ýmist huglægt eða efnislega. Yoko Ono leggur sig ávallt fram við að storka viðteknum listhugmyndum og örva ímyndunaraflið. Sjálf segir hún að allt sé mögulegt í höfðinu á fólki. Það sé hægt að margfalda rýmin og fjarlægir tímar mætist óhindrað og það sem meira er að aldrei sé hægt að rífa né eyðileggja hugmyndir.

Sýningarnar verða opnar frá klukkan 10-20 alla daga og standa þær til 6. júní nk.

—SE

Kaupþing, sparisjóðirnir, Búnaðarbankinn og Kaupþing Norðurlands meta greiðslugetu húsnæðislánþega:

Húsbréf allan hringinn

Frá og með mánudeginum 29. apríl meta Kaupþing, sparisjóðirnir, Búnaðarbankinn og Kaupþing Norðurlands greiðslugetu þeirra sem fá lán í húsbréfakerfinu.

Það verk var áður í höndum Húsnæðisstofnunar ríkisins. 21. febrúar sl. samdi hún við banka og sparisjóði um að þeir tækju það að sér. Búnaðarbankinn, Sparisjóðirninr og Kaupþing ríða á vaðið, hinir bankarnir fylgja á eftir. Nú er létt mjög á Húsnæðisstofnun og skilyrði sköpuð til þess að hún geti unnið önnur verk sín í spekt.

Með þessu verður og mikil breyting á þjónustu við lántakendur. Afgreiðslustaðir verða 83 um allt land. Áður mat ráðgjafastöð Húsnæðisstofnunar greiðslugetu allra. Landsbyggðarfólk þarf ekki lengur að sækja til Reykjavíkur heldur getur látið meta sig í næsta banka eða sparisjóði. Með því styttist líka biðtíminn. Matið tók áður nokkrar vikur, nú aðeins 10 daga.

Eftirleiðis munu Búnaðarbankinn, sparisjóðirnir og Kaupþing því sjá um alla almenna upplýsingaráðgjöf um húsbréfakerfið, afhenda umsóknareyðublöð og kynningarefni, aðstoða við útfyllingu eyðublaða, taka á móti umsóknum og fylgiskjölum, meta greiðslugetu hugsanlegra lántakenda og segja til um hámarksverð þeirrar fasteignar sem þeir geta keypt.

Fyrir þessa þjónustu verða menn að greiða 3.600 krónur. Húsnæðisstofnun veitti hana endurgjaldslaust, og fékk vitaskuld til þess fjármagn frá ríkinu. Þess ber að geta að þjónustan verður nú mun meiri en áður.

Fimmtudaginn 2. maí halda Búnaðarbankinn, sparisjóðirnir og Kaupþing almennan fræðslufund um húsbréfakerfið í Kornhlöðunni, sal Lækjarbrekku. Hann er hugsaður fyrir kaupendur og seljendur fasteigna, núverandi og væntanlega eigendur húsbréfa. Víst er að í framtíðinni verða húsbréf ekki síður en spariskírteini ríkissjóðs mjög vinsæl til ávöxtunar.

Fundurinn hefst kl. 20:30. -aá.

Vetrarmóti Geysis lýkur í dag:

Þrjár hryssur stigahæstar

Þrjár hryssur eru efstar að stigum á Vetrarmóti hestamannafélagsins Geysis í Rangárvallasýslu að loknum þremur mótum af fjórum. Síðasta mótið fer fram í dag, laugardag.

Tvær efstu hryssurnar eru báðar frá Árbakka, þær Kleópatra og Sverta í eigu Anders og Lars Hansen á Árbakka. Diljá frá Skarði, í eigu Kristins Guðnasonar, er í þriðja sæti.

Fjórða og síðasta vetrarmótið er í dag. Það er haldið á Hvolsvelli og hefst kl. 15. Þar verða veitt verðlaun fyrir árangur á mótunum fjórum sem haldin hafa verið í vetur. Áður en mótið hefst fer fram firmakeppni í deild Geysis á Hvolsvelli og hefst hún kl. 13. Og ef aðstæður leyfa verður einnig keppt í 150 metra skeiði. -sbs.



Hryssan Sverta frá Árbakka sem er nú í öðru sætinu á vetrarmóti Geysis. Knapi er hollenskastúlkan Jasja van Veen.